

1 Afstöðumynd
1 : 1000

SKÝRINGAR:

Helstu stærðir:

Lóð: 1342,5 m² Landnúmer: L235959
Íbúðarhús: 60 m²
Nh: 0,04

ALMENN LÝSING

Húsið er ú notkunnarflokki 3. Húsið er byggt sem íbúðarhúsnæði. Byggingin er einnar hæðar timburhús úr timbureiningum upphaflega byggt 2003 en gert upp 2023. Komið er inni andyri, þaðan er komið inni alrými með stofu, eldhúsi, herbergi og snyrtingu. Þjörgunarop er á herbergjum og stærð í skv. gr 9.5.5 í byggingareglugerð. Húsið er staðsett innan byggingareits samkvæmt lóðablaði. Húsið var keypt til flutning en þjónaði áður sem aðstöðuhús. Gerðar eru breytingar á gluggum og herbergjaskipan en ekki eru teljandi breytingar á burðarvirki hússins. Húsið var framleitt af SG hús á Selfossi.

ÞAK - ÚTVEGGIR - INNVEGGIR - GÓLF - EINANGRUN

Húsið er úr timbri á steiptum stökum undirstöðum. Útveggir eru úr 45x145 timburgrind, klæddri með 9mm krossvið að utanverðu og 12mm krossvið og 13 mm gipsi að innanverðu. Ullareinangrun 145mm er í útveggjum. Rakavarnarlag er innan á timburgrind. Húsið er klætt að utan með bárujárni. Innveggir eru byggðir upp með timburgrind klæddir með krossvið og gipsi beggja vegna. Þakið er sperrubak með togböndum með 25° halla. Steinullareinangrun er 195mm milli sperrubita og í niðurteknum loftum þar sem þau eru. Þak er klætt með bárujárni. Gólf er úr 45x195mm timburbitum á dregurum. Einangrun er 200mm steinullareinangrun. Gólf er klætt með 22mm nótuðum gólfplötum. Þar ofan á verður parketlagt á alrými og herbergi. Baðherbergi og forstofa er með flísar á gólfum. U-gildi, raka og vindvarnir og lofþéttleiki skulu uppfylla 13. kafla byggingareglugerðar frá árinu 2012.

EINANGRUN OG VARMATAPSÚTREIKNINGAR:

Útveggir: 0,27 W/m²K
Gluggar: 2,0
Hurðir: 2,0
Þak: 0,20
Gólf: 0,25

Heildarvarmatap á m² = 1,38W/°C
Vegið meðaltal útveggja 0,50 W/m²K

GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR

Allir gluggar eru PVC gluggar, með tvöföldu einangrunargleri (K-gler). Gönguhurðir eru úr timbri. Rennihurðir eru PVC. Gler í gólf síðum gluggum skal vera öryggisgler.

UPPHITUN - LOFTRÆSTING - LAGNALEIÐIR

Húsið verður hitað með rafmagnsöfnum. Náttúruleg loftræsing um opnanlega glugga í öllum rýmum. Raflagnir eru í lagnagrind í útveggjum. Neysluvatnslagnir eru í lagnagrind. Hámarks hitastig á heitu neysluvatni á töppunarstað er 65°C, lágmarkshitastig á heitu neysluvatni er 60°C. Efnisval hita- og neysluvatnslagna í samræmi gr. 14.3.2 og 14.5.1 byggingareglugerðar. Frárennsi er leitt í rotþró SA við hús rotþró skal vera að lágmarki 3000 lítrar en heimilt er að setja stærri rotþró.

HLJÓÐVIST:

Húsið skal uppfylla amk. kröfur til hljóðvistar C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Vegið hljóðeinangrunargildi fyrir lofthljóð R'W skal vera 52 dB. Vegið högghljóðeinangrunargildi skal vera 63dB.

BRUNAHÓLFUN

Um er að ræða einbýlishús sem er eitt brunahólf. Þakrymi er aflokað og ekki nýtt fyrir lagnaleiðir. Brunapól útveggja og þaks er REI30.

YFIRBORÐSEFNI

Loft- og veggklæðningar eru í flokki 1. Klæðningar í flokki 1 skulu uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-1 um flokkunina K210 Bs1,d0. Yfirborð gólfa eru í flokki G skv. ÍST EN 13501-1 um flokkunina Dfl-s1. Þakklæðningar eru í flokki T og skulu uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-5 um flokkunina B(roof) (t2).

HANDSLÖKKVITÆKI - REYKSKYNJARAR

Handslökkvitæki eru af viðeigandi gerð. Slökkvitæki og reykskynjari skulu vera í húsinu. Sjá staðsetningu á teikningum.

REYKLOSUN

Reyklosun er almennt um opnanlega glugga og dyr í byggingunni.



ÖNNUR ATRIÐI

Lyfjakassi og aflæst hirsla hættulegra efna skal staðsetja á salerni. Innihurðir eru hefðbundnar flekahurðir auk rennihurða. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera að lágmarki 0,8m og samsvarandi lágmarkshæð 2m. Þröskuldslaugar innihurðir skulu vera á forstofu, baði og svefnherbergjum. Lóð er jöfnuð og sáð í hana.


SORP

Sorpilát verða staðsett við bílastæði og er gert ráð fyrir flokkun sorps. Sorphirða verður á höndum viðkomandi þjónustuaðila sveitarfélagsins.


	ÚTG DAGS	SKÝRINGAR	TEIK HANN RÝNT SAMP	KISA 1, FLÓAHREPPI ÍBÚÐARHÚS AFSTÖÐUMYND BYGGINGARLÝSING
	A 2023-05-26	VERKTEIKNING	GPB GPB JHJ JHJ	
verkrad@verkrad.is	SAMPYKKT:	VERKNR. 01-800-007	TEIKNING	A01.01 A




2 SNID 1
1 : 50




6 Norðaustur
1 : 100



3 Suðvestur
1 : 100




4 Suðaustur
1 : 100



5 Norðvestur
1 : 100

Grunnmynd 1 : 50

- SKÝRINGAR:
 R - Reykskynjari
 NF - Niðurfall
 GF - Gólfniðurfall
 HS - Handslökkvitæki
 BO - Björgunarop
 LR - Vélrænt útsog



VERKRÁÐ
 verkfræði & ráðgjöf
 verkrad@verkrad.is

ÚTG DAGS	SKÝRINGAR	TEIK	HANN RÝNT	SAMP
A 2023-05-26	VERKTEIKNING	GPB	GPB	JHJ JHJ
SAMPYKKT:				

KISA 1, FLÓAHREPPI	
ÍBÚÐARHÚS	
GRUNNMYND	
ÚTLIT	
SNID	
VERKNR. 01-800-007	TEIKNING A01.02 A